

Umferðamerkin

Nemendum í 10. bekk (umferðarfræðivali) fannst erfitt að læra umferðarmerkin. Þeir völdu sér „rannsóknarverkefni“ sem fólust í því að fara út og rannsaka. Verkefni voru t.d. að:

- Merkja á kort af hverfinu sem sótt var á netið hvers konar umferðarmerki eru í hverfinu og af hverju þau voru sett þar.
- Kortleggja hvar stöðvunarskylda og biðskylda er í hverfinu (notuðu grunnkort af hverfinu) og veltu fyrir sér af hverju sett eru stöðvunarskylda en ekki biðskylda á ákveðna staði.
- Aðrir athuguðu hversu langt frá gangbraut bílstjórar stöðvuðu bíl sinn ef gangandi vegfarandi ætlaði yfir.
- Enn aðrir töldu hversu margir fóru yfir á gulu eða rauðu ljósi við gatnamót í hverfinu.

Allar niðurstöður voru kynntar af rannsakendum með tilheyrandi tölfræðilegri úrvinnslu ef við átti. Þetta var vel heppnað verkefni sem fól í sér að nemendur urðu mjög vel að sér um flokka umferðarmerkja, tilgang einstakra flokka og svo tákn einstakra merkja.

Þau eru svo svipuð og svo mörg

